

82

12. nóv.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Af hverri saltaðri síldartunnu í Siglufirði greiðist 3 — þrír — aurar í vatnsgjald, af hverri kryddaðri tunnu síldar 6 aurar, af hverju skippundi fiskjar 25 aurar. Vatnsgjaldið greiðist þegar þess er krafist. Vatnsnotandi gefi formanni vatnsveitunefndar fyrir 1. sept. ár hvert skýrslu um hve mörg skippund fiskjar og hve margar tunnur síldar hann hafi saltað s.l. ár.

3. gr.

10. gr. hljóði svo:

Þeim, sem eyða vatni að óþörfu, að álitu vatnsveitunefndar, getur bæjarstjórnin neitað að selja vatn, nema um vatnsmæli, sem vatnsnotendur kosta. Slíkir vatnsnotendur greiði 3 kr. fyrir hverja smálest vatns, sem þeir nota.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefir samið, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. nóv. 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

83

16 nóv.

FISKIVEIÐASAMÞYKT.

fyrir

Vestmannaeyjar.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem þar ganga til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 30 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúarmánaðar til 31. mars, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar seinna að degi en kl. 4 e. h. og frá 1. apríl til loka þess mánaðar kl. 7 e. h.

Frá 1. til 31. janúar má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 f. h. Frá 1. til 15. febrúar að báðum dögum meðtöldum kl. 4½ fyrir hádegi. Frá 15.

febrúar til loka sama mánaðar kl. 4 f. h. Frá 1. til 15. mars, að báðum dögum meðtöldum, kl. 3½ f. h. Frá 15. mars til loka þess mánaðar kl. 3 f. h. Frá 16. nóv. 1. til 15. apríl, að báðum dögum meðtöldum, kl. 2 f. h. og frá 15. apríl til loka sama mánaðar eigi fyr en kl. 12 á miðnætti. Þessi ákvæði gilda aðeins þegar róíð er með línu, en ekki þegar róíð er með net.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkvæmt 4. gr. hjer á eftir, gefur merki (ljós) þegar tíminn er kominn að nóttu til, og fyr má enginn bátur fara af stað, nje sleppa niður festi. Þeir bátar, sem ekki fljóta á tímanum við hafnarfesti, mega flytja sig á meira dýpi á innrihöfn, en verða að leggjast þar fyrir festum.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggjja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggjja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim, bát, sem á Leiðina hefir lagt. Bátur, sem af sjó kemur, hefir forgangsrjett og fyrir vjlbát gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina, mega þeir ekki fara hraðar en með hálfri ferð.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kys ár hvert 5 formenn í nefnd, til þess að gæta, að fyrirmælum þessarar samþyktar sje fylgt og gefa merki, þegar burtfarartími samkv. 2. gr. er að næturlagi. Enginn formaður í bænnum getur skorast undan kosningu. Ber gæslumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþyktinni þegar, er þeim verður kunnugt um þau.

6. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum, sem renna í bæjarsjóð. Brot á annari grein ferfaldast við hverja ítrekun upp í hámarkið.

7. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. janúar 1926 og er þá jafnframt úr gildi fallin samþykt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og þeim þiljuðum mótorbátum, sem ekki eru stærri en nemi 15 smálestum, í Vestmannaeyjum, frá 16. des. 1910, með breytingu frá 20. febr. 1917.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir samið og samþykt samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925,

83 staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926 og birtist til eftirbreytni 16. nóv. öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngunálaráðuneytið, 16. nóv. 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

84 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árgæðisfólksins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. nóvember 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Árgæðisfólksins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Árgæðisfólksins.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhanni bónda Friðfinnssyni í Árgæði, með gjafabréfi dags. 19. apríl 1921, til minningar um foreldra hans, Friðfinn Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur, og systkini hans, Benedikt Friðfinnsson, Danheiði Ingibjörgu og Maríu Indíönu Friðfinnsdætur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja gamalmenni í Saurbæjarhreppi, 60 ára eða eldri, sem ekki þiggja sveitarstyrk, en vegna fátæktar eða heilsuleysis ekki geta unnið fyrir sjer. Þó má í einstöku tilfellum veita yngri mönnum en 60 ára styrk, ef stjórn sjóðsins finnur gildar ástæður til þess.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 4498.87 — fjögur þúsund fjögur hundruð níutíu og átta krónur og áttatíu og sjö aurar.

Sjóðinn má lána út gegn tryggu fasteignaveði og skulu bændur í Saurbæjarhreppi hafa forgangsrjett að þeim lánnum.